Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Athugið að viðbót er komin við gíró-númerið 27810-6.

Ársáskrift..........3000 kr.
Hálfsársáskrift......1800 kr.
Ársfjórðungsáskrift..1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár)........5000 kr


13. tölublað. Þriðjudagur 12. apríl 6. árgangur Verð kr. 60.

Veik verkalýðshreyfing fær engu áorkað

Þann 6. apríl s.l. komu samninganefndir ASÍ-broddanna og atvinnurekendur saman til fyrsta fundar síns. Þar voru lagðar fram tillögur beggja aðila og þær ræddar lauslega. Greinilegt er, að samninganefnd atvinnurekenda gerir sér fyllilega ljóst, að ASÍ-forystan er veik fyrir og boðin og búin til eftirgjafa. Samningstilboð atvinnurekenda, var beinlínis árás á kjör verkalýðsins í landinu. Þegar haft er í huga máttleysi og svikul forysta verkalýðshreyfingarinnar, er ekki undarlegt, að atvinnurekendur leyfi sér þá ósvífni, sem tilboð þeirra er. Saga íslenskrar verkalýðshreyfingar geymir mörg dæmi um það, hvernig atvinnurekendur hafa í upphafi samninga sett fram beinar kjaraskerðingartillögur, til þess að veikja samningsaðstöðu verkalýðshreyfingarinnar. Þegar þetta var gert 1936, var verkalýðshreyfingin nægilega öflug til þess að standa gegn árás atvinnurekenda. En nú er hún forystulaus, sundruð og veik. Þess vegna verður verkafólk að búa sig til harðvítugrar baráttu gegn kjaraskerðingarárásinni og svikum forystunnar ef ekki á að fara illa.







Frá göngu og fundi Baráttueiningar 1. maí 1976

Baráttueining 1. maí!

BARÁTTUEINING 1. MAÍ heldur fyrsta almenna undirbúningsfund sinn næstkomandi laugardag, þann 16. apríl í LINDARBÆ kl. 14⁰⁰ e.h.

Allir sem áhuga hafa á að taka þátt í undirbúningsstarfinu eru boðnir velkomnir.

Á undirbúningsfundinum verður skipulag göngunnar og útifundarins rætt og teknar ákvarðanir um niðurröðun í deildir göngunnar.

Eins og auglýst hefur verið, mun göngunni verða skipt niður í þrjár deildir, en það eru verkalýðsmáladeild, andheimsvaldadeild og kvennabaráttudeild. Ef næg þátttaka fæst verður sérstök æskulýðsdeild einnig skipulögð undir forystu Rauðrar Æsku sem tekur þátt í BARÁTTUEININGU nú í ár eins og í fyrra.

Framkvæmdanefnd BARÁTTUEININGAR leggur áherslu á að safna sem flestum, ekki aðeins í sjálfa gönguna, heldur einnig í undirbúninginn og starfið fyrir 1. maí.

Virkni þátttakenda í aðgerðunum er mikilvæg, jafnt sem þátttaka þeirra í öllum undirbúningi, jafnt starfrænum sem pólitískum.

FJÖLMENNUM Á UNDIRBÚNINGSFUND BARÁTTUEININGAR Í LINDARBÆ Á LAUGARDAGINN KEMUR KL. 14:00.

1. Landsráðstefna KFiml

Nánari fregnir af 1. Landsráðstefnunni eru á blaðsíðu 3. Þar eru einnig birtar ályktanir ráðstefnunnar.

Tilboð ASÍ-broddanna: 100 þúsund kr. lágmarkslaun

Eins og fram kom á þingi ASÍ í fyrrahaust, og síðar á kjararáðstefnu ASÍ, hefur ASÍ-forystan ákveðið að setja fram kröfuna um 100 þúsund króna lágmarkslaun. Þessi krafa hljómar vel, en hvað býr að baki hennar? Í fyrra, þegar gengið var til samninga, setti ASÍ-forystan fram kröfu um 38% kauphækkun á lægstu laun. Eins og öllum er kunnugt sveik hún þessakröfu og samdi um "rauðu strikin" og 5-6% kauphækkun í skömmtum á meira en eins árs samningstímabili. Útkoman varð skiljanlega verri en ekki neitt, því á sama tíma var verðbólgan milli 30 og 40% og sporslurnar sem samið var um voru étnar upp jafnhraðan í verðlaginu. Nú á að leika sama leikinn. En ASÍ-broddarnir vita, að það þýðir ekkert að setja fram sömu kröfu og síðast. 38% kauphækkun mundi hljóma lítt sannfærandi í eyrum verkafólks, eftir reynsluna af samningunum í fyrra. Þess vegna hafa hagfræðingar ASÍ umreiknað 38% kaupkröfuna í þúsundir og fengið út töluna "rúmlega 100 þúsund króna lágmarkslaun". Getum við vænst þess, að ASÍ-broddarnir nái frekar fram þessari sömu kröfu nú, þegar atvinnurekendur virðast enn ósveigjanlegri en í fyrra? Nei, slíkt væri fásinna. Í rauninni er hækkunin úr tæpum 70 þúsund í 100 þúsund ekki einu sinni 38% kauphækkun. Sjálf kröfugerðin er því afsláttur og ef ekkert verður að gert, mun afslátturinn í sjálfum samningunum verða enn meiri en í fyrra. En það þýðir, að kjaraskerðing síðasta árs verður ekki aðeins staðfest, heldur aukin.

Tilboð atvinnurekenda: Engin kauphækkun, verri kjör.

Í ljósi þess hve léleg forysta verkalýðshreyfingarinnar er og þýlunduð gagnvart atvinnurekendum, leyfa þeir sér nú að setja fram tilboð, sem þýðir beina kjararýrnun allra launþega. Atvinnurekendur segja að "atvinnuvegirnir þoli enga kauphækkun" en vilja fallast á að ríkið greiði "fátækrastyrk" af skattfé almennings, til þeirra lægstlaunuðu. Hvað merkja þessar kröfur atvinnurekenda? Þær merkja að kaup eigi að standa í stað, á sama tíma og verðbólgan vex og herðir enn að lífskjörum verkafólks. Þær merkja, að auðvaldið er að undirbúa stórfellda kjaraskerðingu gagnvart vinnandi fólki á Íslandi. "Fátækrastyrkur" frá ríkinu, segja atvinnurekendur. En hvers fé er það, sem ríkið hefur undir höndum?

Það er skattfé almennings, því auðvaldið er skattfrjálst á Íslandi. Atvinnurekendur krefjast þess einnig, að ekkert kaup verði greitt fyrir "neyslutíma" en það merkir, að kaffitímarnir eiga að vera kauplausir og sé unnið í matartíma, komi aðeins einföld dagvinnulaun fyrir. Þá krefjast þeir þess, að kaffitímar eftir hádegi verði felldir niður og að "virk vinnuvika" verði 40 stundir. Þetta er komið til af svikasamningum Guðmundar J. Guðmundssonar við Eimskip, en í fyrra var samið um niðurfellingu kaffitímans eftir hádegi og nú á að taka sama hátt upp á öllum vinnustöðum. Atvinnurekendur ganga á lagið, vegna svika forystunnar og krefjast þess að lögin um 40 stunda vinnuviku verði gerð að þrælsoki á verkalýðnum. Þessi lög eru í dag dauður bókstafur, því enginn getur lifað af dagvinnulaunum einum saman. En þó kastar fyrst tólfunum, þegar nota á lagabókstafinn til að taka kaffitímann af verkafólki.

Hafnarverkamenn þekkja framkvæmd Dagsbrúnarforystunnar í kjaradeilum kannske betur en margir aðrir. Þeir hafa orðið að sjá af kaffitíma sínum og ekki fengið að njóta þeirra réttinda, sem verkalýðshreyfingin barðist fyrir í áratugi. Ef auðvaldinu og þjónum þess í ASÍ-forystunni verður leyft að framkvæma þessa kjaraskerðingu, mun það tákna að verkalýðshreyfingin hafi glatað réttindum sem hún ávann sér með harðri baráttu í fjöldamörg ár. Þetta verður að stöðva og það verður ekki gert, nema baráttunni verði beint gegn svikum ASÍ-broddanna. Verkafólk verður að fylkja sér um kröfuna um "Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku" og hafna öllum málamiðlunum við atvinnurekendur. Snúist ASÍ-forystan gegn þessari kröfu verðum við að heyja baráttuna gegn henni líka. Verkalýðsstéttin á sér mikið afl ef hún neytir þess. En það getur hún ekki nema svikum ASÍ-broddanna verðir hafnað og stéttarfélögin gerða að raunverulegum baráttutækjum verkalýðsins. Kommúnistaflokkur Íslands M-L hvetur allt stéttvíst verkafólk til að fylkja sér um baráttuna fyrir lífskjörum sínum.

Nú verður að hrinda kjaraskerðingarárásinni með gagnáhlaupi og berjast fyrir framkvæmd 40 stunda vinnuvikunnar. Verkalýðurinn sem hefur skapað auðævi þessa lands á þá sjálfsögðu kröfu, að hann geti lifað af þeim launum sem hann ber úr býti fyrir dagvinnu sína.

Sigur fæst aðeins með baráttu

Burt með ASÍ-broddana - gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum

Svar verkalýðshreyfingarinnar verður að vera harðvítug barátta gegn þessum kjaraskerðingaráformum atvinnurekenda og ASÍ-forystunnar í sameining

Kjararáðstefna Sjómannasambandsins

Á Kjararáðstefnu Sjómannasambandsins 3. apríl s.l. voru kröfur sjómanna í komandi samningum endanlega mótaðar. Kröfugerðin verður þó ekki birt opinberlega fyrr en Farmanna-og fiskimannasambandið (FFSÍ) hefur tekið afstöðu til þess hvort það kjósi að standa sér að samningum nú eða hafa samflot með SSÍ.

Afnám bráðabirgðalaganna.

Í samþykkt frá ráðstefnunni er ríkisstjórnin hvött til þess að taka Bráðabirgðalögin frá 6. september upp á þingi hið fyrsta. Ætti Matthíasi Bjarnasyni að vera ljúft að verða við þeirri kröfu ekki síst ef tekið væri mark á orðum þeim sem hann viðhafði í sölum Alþingis fyrir u.þ.b. hálfu ári síðan þegar undirskriftarlistarnir gegn bráðabirgðalögunum voru afhentir. Þá kvaðst ráðherrann ætla að taka lögin upp á Alþingi innan fárra daga.

Það hefur hann hins vegar ekki gert og hundsar þannig kröfur sjómannasamtakanna og þúsunda launafólks um afnám laganna. Í þessu máli hefur borgarlega ríkisvaldið enn einu sinni afhjúpað sig sem tæki sem auðvaldið notar til að tryggja hagsmuni sína og kúga verkafólk.

frh. síða 5

LEIÐARI

Fordæmum innrás Sovétríkjanna í Zaire

Á millistríðsárunum töluðu ítölsku fasistarnir og þýsku nasistarnir mikið um frið og afvopnun. Þeir hrópuðu um frelsi þjóðanna, en voru sjálfir drifnir blóði saklausra þjóða í Evrópu sem utan. Þá stóð heimurinn aðgerðarlaus og fylgdist með ofbeldi þeirra gagnvart smáum og varnarlausum þjóðum og stærstu herveldi Evrópu, England og Frakkland, lögðu blessun sína yfir yfirgang fasistanna í München 1938. Við höfum þegar orðið vitni að slíkum fundi í Evrópu eftirstríðsáranna. Helsinkiráðstefnan var ekkert annað en staðfesting á því, að Sovétríkin hefðu rétt til þess að halda þjóðum Austur-Evrópulandanna undir járnhæl sínum, staðfesting á því, að innrásin í Tékkóslóvakíu hefði verið á yfirráðasvæði sovésku heimsvaldasinnanna og þar af leiðandi "lögleg". En nú sem fyrr horfir heimurinn upp á hvernig fasistarnir í Kreml halda blóðuga innreið sína í lítt þróað Afríkuríki - lýðveldið Zaire. Ítölsku fasistarnir notfærðu sér yfirráð sín yfir Sómalíu sem miðstöð fyrir frekari árásir sínar í Afríku. Þeir réðust gegn Eþíópíu og börðu frelsisviðleitni Abessiníumanna niður í blóði. Nú fer líku fram. Sovésku heimsvaldasinnarnir hafa þegar lagt efnahag og innanlandsstjórn Angóla undir völd sín og nú hyggjast þeir færa út kvíarnar í Afríku. Innrás nokkur þúsunda málaliða frá Angóla inn í Zaire er stjórnað af stríðsherrunum í Moskvu.

Innrásin i Zaire, er gerð af málaliðum frá Katanga sem áður voru undir stjórn bandaríska leppsins og svikarans Mosse Tsjombe, en flúðu fyrir meir en tíu árum til Angóla á náðir portúgölsku nýlenduherranna sem þá ríktu þar. Nú hefur þessi bófaflokkur fengið sovésk vopn og sovéska hernaðarráðgjöf til þess að ráðast inn í Katanga-hérað. Að baki þeirra er enginn annar en Brezhnev, og hann stýrir aðgerðum þeirra með aðeins eitt markmið í huga: að sölsa hið auðuga Zaire undir sovéska stjórn. Þessari innrás hefur þegar verið mótmælt í Sameinuðu Þjóðunum,. af kíverska fulltrúanum og mótmæli hafa borist hvaðan æva að úr Afríku. Íslenskir andheimsvaldasinnar verða að fordæma sovésku innrásina í Zaire og mótmæla blóðsúthellingum á saklausu fólki, sem sovésku stríðsherrarnir hafa skipulagt þar. Samtök herstöðvaandstæðinga, sem snúist hafa gegn allri heimsvaldastefnu og hernaðarbandalögum hljóta að fordæma þessa fólskulegu innrás og opna augu sín fyrir hinu rétta eðli sovésku sósíalheimsvaldasinnanna. Kommúnistaflokkur Íslands/M-L fordæmir innrásina og lýsir yfir fyllsta stuðning við réttlátan málstað lýðveldisins Zaire. Burt með sovésku leppherina frá Zaire. Niður með sovésku sósíalheimsvaldastefnuna .

11. apríl 1977.

1 ár frá stofnun Kommunistaflokks Íslands m-l

Þann 15. apríl er eitt ár liðið frá stofnun Kommúnistaflokks Íslands Marxista-Lenínista. Fyrsta starfsár flokksins hefur einkennst af harðri baráttu og stórstígum framförum. Stofnun flokksins var stríðsyfirlýsing gegn nútíma endurskoðunarstefnunni og markaði upphafið að nýju tímabili í baráttusögu íslenskrar verkalýðshreyfingar. Eftir 38 ára samfellda pólitíska forystu endurskoðunarsinna og nær algera upplausn byltingarsinnaðrar verkalýðshreyfingar á Íslandi var fáni marxismans-lenínismans hafinn á loft að nýju. Íslenskur verkalýður hafði aftur eignast byltingarsinnaða framvarðarsveit.

Við stofnun flokksins var samþykkt stefnuskrá og reglugerð fyrir flokkinn, þar sem kveðið var á um byltingarsinnuð markmið hans og lenínískt skipulag. Meginatriðið í stefnu flokksins er að skipuleggja verkalýðinn á grundvelli stéttabaráttunnar og stýra honum til vopnaðrar valda töku á Íslandi og uppbyggingar alræðis öreiganna. Á stofnþingi flokksins var lögð áhersla á að Kommúnistaflokkurinn væri flokkur af nýrri gerð, byggður samkvæmt grundvallarreglum hins leníníska flokksskipulags. Allt frá stofnun flokksins hefur staðið hörð barátta fyrir uppbyggingu og réttu skipulag lýðræðislega miðstjórnaraflsins. Þessi barátta leiddi til, að flokksfjandsamleg klíka var afhjúpuð og yfirgaf flokkinn um síðustu áramót. Brotthlaupsliðið hafði sölsað undir sig allar lykilstöður í flokknum, það réð Stéttabaráttunni, Verkalýðsforlaginu og fjármálum og skipulagsmálum flokksins. Þegar þetta fólk yfirgaf flokkinn, var Verkalýðsforlagið stórskuldugt, skipulagsmálin voru í megnustu óreiðu og Stéttabaráttan var að hruni komin. En með sameiginlegu átaki flokksfélaga undir leiðsögn framkvæmdanefndar miðstjórnar, hefur ekki aðeins tekist að yfirvinna þessa örðugleika, heldur hefur flokkurinn einnig tekið mikilsverð skref fram á við, í baráttunni gegn klíku 7-menninganna. Lýðræðislega miðstjórnaraflið hefur verið styrkt, reiðu hefur verið komið á fjármálin og skipulagsstarfið og Stéttabaráttan er orðin að vikulegu málgagni verkalýðsins. Eining flokksfélaga og meðvitund um aga og flokkslýðræði hefur vaxið stórlega í þessari baráttu. Þannig hefur marxíska-leníníska lögmálið um að flokkurinn styrkist við að losa sig við tækifærisstefnuna sannað réttmæti sitt og á 1 árs afmæli flokksins er hann betur búinn undir baráttuna sem framundan er en nokkru sinni áður. Hann er nú færari um að rækja verkefni sitt sem framvörður íslenskrar verkalýðsstéttar. Lifi Kommúnistaflokkurinn - herðum baráttuna fyrir uppbyggingu hans.



Fjölmennur útifundur Baráttueiningar 1. maí 1976.



ÚR BARÁTTUNNI

IÐJUFUNDUR

Aðalfundur Iðju var haldinn í Lindarbæ að kvöldi 30. mars síðastliðinn. Var fundartími og boðun gagnrýnd mjög á fundinum. Margt Iðjufólk vinnur vaktavinnu, auk allra þeirra sem þurfa að vinna yfirvinnu svo endar nái saman. Það er því næsta furðuleg ráðstöfun að halda félagsfund að kvöldi til í miðri viku. Annar fundur var haldinn á sama tíma ekki all löngu áður og drógust þá umræður sem voru miklar og harðar fram að miðnætti og voru um 25 manns eftir á fundinum þegar til atkvæðagreiðslu kom. En fleira var sem gerði þennan fundartíma óhentugan, því að á sama tíma var haldinn stórfundur í Háskólabíói, þar sem mættu um 2000 manns og urðu þar fleiri frá að hverfa. Hafi stjórn félagsins í alvöru viljað, eins og hún sagði, að félagsmenn fjölmenntu, þá hefði hún dreift fundarboðun á vinnustaði, eins og oft áður. Þá hefði hún einnig valið allan dag til fundarhalda, en þegar vitað var að margir félagar vildu mæta á baráttusamkomunni. Fundarsókn var líka eftir þessu. 35 manns hlýddu á tveggja tíma langa skýrslu og lestur reikninga. Nokkrar ályktanir voru samþykktar, m.a. um að stjórn Iðju væri skyld að sjá til þess að allar upplýsingar um gang viðræðna og framkomnar hugmyndir og tilboð lægju jafnóðum frammi á skrifstofu félagsins meðan á samningum stæði. Taldi stjórn in þetta hinn mesta óþarfa því aldrei væri legið á upplýsingum, það væri bara ekkert að frétta fyrr en búið væri að semja. STÉTTABARÁTTAN hvetur lesendur sína til að fylgjast af megni með samningamálum, bæði í fjölmiðlum og á skrifstofu félagsins. Einnig minnum við á að þegar dregur að lokum samninga, mun verða opið hús að Hallveigarstöðum, þar sem staðan verður kynnt jafnóðum og umræður blómstra.

Til áskrifenda

Brýnum vopn okkar Stéttabaráttuna

Uppgjafarliðið taldi það ómögulegt, sem við höfum sýnt að rétt pólítík og sterkt skipulag gera mögulegt. Það er stórt átak að gefa út vikublað, átak sem markar þáttaskil í sögu baráttunar. Lausasalan ein stendur nú undir öllum útsendingarkostnaði og fleiru í daglegum kostnaði. En áskriftagjöld eru sá grundvöllur sem fjárhagur blaðsins byggir á. Stéttabaráttan þarf að byggja sig upp af pappír og öðru efni, til að vera vel í stakk búin fyrir komandi átök.

Félagar flokksins eru nú önnum kafnir við undirbúning 1. maí og komandi kjaraátaka. Til þess að minni tími þurfi að fara í rukkun þá hvetjum við áskrifendur til að greiða gjöld sín á Gíró nr. 27810-6, eða í bókabúðina Rauða Stjarnan Lindargötu 15 milli kl 15 og 18:30. Áskrifendur. Greiðið áskriftagjöldin og eflið fjárhag blaðsins. Aflið nýrra áskrifenda svo málsvörn verkalýðsins sjáist sem víðast. Skrifið í blaðið eða hafið samband við fulltrúa þess. Þá verður STÉTTABARÁTTAN það vopn sem bítur á auðvaldinu.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357. Reykjavík, einnig í síma 27810

Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans: Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15.

Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.

Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.

Ísafjörður: Kristinn Karlsson F[illegible]rðarstræti 7

Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.

Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c Keflavík.

Pål Steigan formaður AKP ml:

Maó formaður skipulagði baráttuna gegn fjórmenningunum

Undanfarið hafa birst í KLASSEKAMPEN greinar eftir formann AKP m-l, Pål Steigan um ástandið í Kína en hann var þar á ferð fyrir skömmu í boði kínverska Kommúnistaflokksins. Þar sem þessar greinar eru mjög upplýsandi um ástandið í Kína eftir valdaránstilraun "fjórmenninganna" ákvað ritstjórn STÉTTABARÁTTUNAR að birta eina þeirra í þessu blaði. Greinin fjallar um afstöðu Maós formanns til fjórmenninganna og sýnir hvernig hann lagði grundvöllinn að baráttunni gegn þeim. Jafnframt tekur greinin upp hlutverk Teng Hsiao - ping.

ritstj.

Í hverju fólst gagnrýni Maós á "fjórmenningana"? Gagnrýni Maós formanns á Chiang Ching var ekki ný af nálinni þótt hún hafi ekki verið gerð opinber fyrr en nú. Strax árið 1966 ritaði Maó bréf til Chiang Ching þar sem hann deildi á hana fyrir náið samband við Lin Piao, því Maó leit á Lin sem varasaman náunga.

Maó gagnrýndi Chiang Ching í mörg ár fyrir einhliða gagnrýni á aðra og hirðuleysi um pólitískt nám. Leiddi þetta til að hann skildi við hana á borði og sæng. -Þú neitar að skóla þig sagði Maó. Hann deildi einnig á hana og aðra í "fjórmenningaklíkunni" fyrir að mynda litla klíku í andstöðu við meirihluta miðstjórnarinnar og fyrir brot á lýðræðislega miðstjórnaraflinu. Sjálft heitið "fjórmenningaklíkan" á rætur sínar að rekja til þessarar gagnrýni Maós.

Ekki pólitísk "gagnrýni"

Vafalaust finnst endurskoðunarsinnum að gagnrýni Maós á fjórmenningana fyrir brot á lýðræðislega miðstjórnaraflinu sé ekki pólitísk. Enda er hún í engu samræmi við trotskísku "kenninguna" um "skoðanafrelsi" og klíkuskipulag. En það þarf ákveðna meðvitund til að skilja hvað það er að starfa í lenínískum flokki.

Einhver heldur kannske að gagnrýnin á Chiang Ching sé

1. Landsráðstefna KFÍml

Dagana 8. og 9. apríl var 1. Landsráðstefna Kommúnistaflokksins haldin í Reykjavík. Félagar sóttu hana, víða af landinu, til að ræða reynsluna af brotthlaupi 7 menninganna og uppgjörinu við klíkustarf þeirra. Einnig var rædd starfslína flokksins í náinni framtíð og brýnustu verkefni flokksins. Þá fóru fram líflegar umræður um sameiningu marxísku-lenínísku hreyfingarinnar á Íslandi og um afstöðu flokksins til stéttanna.

Á ráðstefnunni ríkti félagaleg umræða og starfað var samkvæmt reglunni um "Einingu-gagnrýni-einingu". Allir félagar sem sóttu ráðstefnuna fordæmdu brotthlaup 7-menninganna og fjandskap þeirra við flokkinn og vosu sammála um að brýnt væri að styrkja einingu flokksins.
Í lok síðari dags ráðstefnunnar voru verkefnin varðandi 1 maí í ár og kjarasamningana, sem nú eru framundan, rædd og starf flokksins skipulagt.

Landsráðstefna Kommúnista - flokksins undirstrikar þá staðreynd, að baráttan gegn brotthlaupsliðinu hefur styrkt flokkinn og að hann hefur endurheimt þrótt sinn skipulagslega og félagarnir hafa þjappað sér saman um starfslínu miðstjórnar. Landsráðstefnan samþykkti nokkrar ályktanir, sem birtar eru hér í blaðinu í heild. Að loknum störfum ráðstefnunnar var henni slitið með því að félagarnir sungu alþjóðasöng verkalýðsins.

Ályktun um stéttirnar.

Landsráðstefna Kommúnistaflokksins ályktar að iðnverkalýðurinn sé forystuafl íslensku byltingarinnar eins og segir í Stefnuskrá flokksins: "Iðnverkalýðurinn er sá hluti hins arðrænda og vinnandi fjölda, sem einn er fær um að leiða baráttuna gegn borgarastéttinni til fullra lykta."
Nauðsynlegt er að skipuleggja umræður um stöðu þeirra hópa sem standa milli iðnaðaröreiganna og borgaranna og stefna að því að umræðunum verði lokið fyrir II. Þing Kommúnistaflokks Íslands/ML. Kommúnistaflokkurinn mun efla og styrkja baráttu þeirra hópa, sem hag hafa af sósíalismanum s.s. smábænda og fólks í þjónustugreinum og leitast við að ala á samstöðu þeirra við baráttu iðnverkalýðsins.

O

Ályktun um starfslínu Kommúnistaflokksins.

Landsráðstefnan ályktar að mesta áherslu verði að leggja á starfið á vinnustöðunum og innan verkalýðsfélaganna.
Auka verður útbreiðslu- og áróðursstarf og herða baráttuna fyrir skipulagningu verkalýðsins á vinnustöðunum sjálfum. Einnig er brýnt að ná til verkalýðsæskunnar og verkakvenna, en án þeirra getur verkalýðshreyfingin ekki orðið sigursæl. Allar sellur verða að setja vinnustaðastarfið á oddinn og leggja áherslu á að stórauka útbreiðslu STÉTTABARÁTTUNNAR. Vikublaðið er vopn sem við verðum að læra að notfæra okkur á réttan hátt í baráttunni fyrir skipulagningu verkalýðsins. Fjölga verður áskrifendum og auka lausasöluna mikið. Lausasala hefur þegar tekið framförum og áskrifendum fjölgar jafnt og þétt, en samt verður að herða baráttuna fyrir öflugu málgagni kommúnismans á Íslandi.
Í andheimsvaldabaráttunni verður að leggja höfuðáhersluna á baráttunni gegn ásælni risaveldanna beggja - Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.
Auka verður áróðursstarfið í þessu tilliti og skýra betur út fyrir verkalýðnum afstöðu flokksins til heimsástandsins og sérstaklega til hættunnar af sovésku sósíalheimsvaldastefnunni og vaxandi hættu á nýrri heimsstyrjöld. Flokkurinn verður að leggja áherslu á skilgreiningu Maó formanns um 3 heima og marxíska-lenínska skilgreiningu hans á samfylkingu þriðjaheimslandanna gegn risaveldunum.
Flokknum ber að styðja frelsisbaráttu og byltingarhreyfingar úti í heimi eftir fremsta megni. Sérstaklega er brýnt að vinna að uppbyggingu samstöðuhreyfingar við frelsisbaráttu Grænlenskrar alþýðu.

O

Ályktun um andflokksklíku 7-menninganna.

Baráttan gegn andflokksklíku 7-menninganna hefur orðið til að auka lýðræði og styrkja lýðræðislegt miðstjórnarafl Kommúnistaflokks Íslands/ML.
Flokkurinn hefur dregið mikinn lærdóm af þeirri pólitík sem þeir voru fulltrúar fyrir, þ.e. að treysta ekki almennum félögum til umræðna og starfs og telja sjálfa sig ómissandi og óskeikula. Baráttan gegn þessum borgaralegu hugmyndum hefur sýnt fram á nauðsyn þess að treysta á fjöldann.
Flokkurinn stælist við að losna við tækifærisstefnuna.

O

Ályktun um kjaramál.

Landsráðstefnan ályktar, að brýnasta baráttumálið innan verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi sé afhjúpun á svikum ASÍ-broddanna og endurskipulagning verkalýðsfélaganna sem baráttutækja verkalýðs.
Barátta verkalýðshreyfingarinnar gegn kjaraskerðingum og skertum lýðréttindum, getur ekki orðið sigursæl, nema núverandi forysta verkalýðshreyfingarinnar sé svipt völdum og vinnandi verkafólk taki sæti hennar og verkalýðsfélögin skipuleggi sig sem baráttufélög.
Í kjaraátökunum sem framundan eru, álítur flokkurinn mest um vert að safna verkalýðnum saman um kröfuna "Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku".
Þessi krafa er ekki aðeins kjarakrafa, hún er pólitísk og til þess að hún náist fram þarf stéttarlega samstöðu verkalýðsins. 40 stunda vinnuvikan er þegar í framkvæmd hjá öllum nágrannaþjóðunum og það er brýnt að hrinda henni þegar í framkvæmd hérlendis, svo verkafólk geti lifað af dagvinnu sinni. Hinn langi vinnudagur á Íslandi er notaður til að sundra baráttu verkafólks og hindrar það frá þátttöku í félagsstarfi og stjórnmálum.
Ennfremur ályktar landsráðstefnan að mikilvægt sé að breyta baráttuaðferðum verkalýðshreyfingarinnar. Allsherjarverkföll einu sinni á ári hafa þegar sýnt, að atvinnurekendur eru reiðubúnir að gefa dálítið eftir, til að geta síðan hækkað verðlagið á hinu langa samningstímabili og rétt þannig hlut sinn og skert kjör verkafólks.
Verkalýðshreyfingin verður að hafna baráttuaðferð ASÍ-broddanna og taka upp raunverulega baráttustefnu. Líta verður á sérhverja verðhækkun sem árás á vinnandi fólk og svara henni með verkfallsbaráttu.
Slík baráttuaðferð snýst ekki aðeins gegn kjaraskerðingunum á öflugan hátt, heldur einnig gegn svikulli forystu ASÍ-broddanna og uppgjafarstefnu þeirra. Krafa verkalýðsstéttarinnar er:
40 stunda vinnuvika á lífvænlegum launum.
Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum.

Pål Steigan formaður AKPml:

Maó formaður skipulagði baráttuna gegn fjórmenningunum





fyrst að koma fram nú ,en það er öðru nær. Þegar ég heimsótti Kína árið 1970 fékk ég að vita að gagnrýnin á Chiang Ching væri í fullum gangi og að við mættum ekki líta á hana sem talsmann formannsins. Það er einnig staðreynd að Chiang Ching dró sig að miklu leyti út úr pólitísku starfi um tíma eftir að 16. maí hópurinn var afhjúpaður.

Varðandi gagnrýni Maós á Chang Chun - chiao og hinum tvímenningunum frá Shanghai þá hef ég fengið staðfest, að hún nái allt aftur til ársins 1967 Svo að það er ljóst að gagnrýnisherferðin kemur ekki fyrst fram í dag.

Mao formaður varaði við

Eftir 10. flokksþingið 1973 varð "fjórmenningaklikan" stöðugt örvæntingarfyllri og aðferðir hennar stöðugt hatrammari við að ná til sín völdunum. Þau biðu eftir dauða Maós, því þá reiknuðu þau með tækifæri til að hrifsa til sín völdin í flokknum og ríkisstjórninni. Sérstaklega gróft varð samsæri þeirra eftir að Maó lagðist á dánarbeðið. En Maó hafði þegar heilu ári áður bent á hættulega framagirni fjórmenningnna og aðvaraði flokkinn við erfiðleikum af þeirra völdum. Hér var um mjög alvarlega gagnrýni að ræða sem skerpti árvekni flokksins gagnvart samsærisathöfnum fjórmenninganna
Í fyrsta lagi valdi hann félaga Hua Kuo - feng sem settan forsætisráðherra eftir dauða Chou En-lais enda þótt vitað væri að Chang Chun-chiao sæktist mjög eftir stöðunni. Í öðru lagi studdi hann Hua til forsætisráðherraembættis og í varaformannsstöðu í flokknum, Þegar ljóst var að bæði Wang Hung-wen og Chiang Ching vildu ná í formannsembættið. Enda þótt Maó formaður væri fárveikur þá undirbjó hann baráttuna gegn fjórmenningunum. Þegar miðstjórnin og félagi Hua brutu klíkuna á bak aftur eftir dauða Maós, þá var það í fullu samræmi við þessar ráðstafanir Maós.

Lifðu eins og arðræningjar

Ég vil skjóta því hér inní að "fjórmenningarnir"lifðu eins og arðræningjar. Þau hrifsuðu til sín ríkiseigur og lifðu lúxuslífi. Hinn svokallaði "verkalýðsleiðtogi" Wang Hung - wen útvegaði sér þannig í fyrrasumar villu geysistóra, sundlaug og tennisvöll. Í þetta eyddi hann 30.000 yuan sem samsvarar 230 meðalvinnulaunum í tvo mánuði. Álíka sögur fara af öðrum meðlimum klíkunnar. Gegn þessu heyrum við oft tvenns konar andmæli. "KUL" -arar o.fl. segja gjarnan að þetta sé ekki pólitísk gagnrýni.

Vissulega vitum við að "KUL" urum finnst það ekki gagnrýnis vert að lifa eins og arðræningi en hjá flestum þeim sem taka afstöðu verkalýðsstéttarinnar er það mjög alvarlegur pólitískur glæpur. Annarskonar andmæli hljóða eitthvað á þessa leið:"Hvernig er þetta mögulegt í sósíalísku landi? Svarið við þessu gaf Maó þegar hann sló því föstu að í sósíalismanum fyrirfinnast stéttir og stéttabarátta. Því sá möguleiki er fyrir hendi í sósíalismanum að borgaraleg öfl noti sér aðstöðu sína til að hrifsa ríkiseignir til sín. Þetta er hægt ef þeim er ógnað sem eiga að hafa eftirlit, búa til falska reikninga og beita það fólk valdi sem vill koma upp um athæfið. Sósíalisminn getur ekki útilokað að slíkt og þvíumlíkt eigi sér stað. En með vel skóluðum og stefnuföstum marxískum - lenínískum flokki og fjölda sem er þjálfaður í að greina milli sanns marxisma og falsks, þá er mögulegt að bæla slíkar tilhneigingar í fæðingunni. Það er þetta sem gerst hefur í Kína . Þetta er ekki í fyrsta skiptið og verður áreiðanlega ekki það síðasta.

Spurningin um Teng Hsiao-Ping

Sagt er að þar sem "fjórmenningaklíkan" hafi verið á móti Teng þá hafi þeir verið raunverulegir marxistar - lenínistar. Þetta er alrangt. Lin Piao var á móti Liu Shao-shi en var þrátt fyrir það enginn marxisti-lenínisti. Fólk sem rökræðir á þennan hátt sýnir einungis að það hefur ekki skilið það sem félagi Chou En-lai sagði á 10. flokksþinginu að "ein tilhneiging dylur aðra".
Í sögu kommúnisku hreyfingarinnar hefur það margoft gerst að tækifærissinnaðir hópar hafa nýtt sér gagnrýni á vinstri tækifærisstefnu til að knýja fram hægri-hentistefnu og öfugt.

Hvað vitum við um Teng Hsiao - ping? Í menningarbyltingunni var hann gagnrðýndur fyrir að styðja Liu Shao-shi og fjarlægður úr starfi sem aðalritari og meðlimur miðstjórnar flokksins. Og hann stóð vissulega opinberlega fyrir endurskoðunarsinnaðri afstöðu í ýmsum málum. En það er einnig ljóst að Maó leit ekki á hann sem gagnbyltingarmann á borð við Liu. Teng gerði sjálfsgagnrýni sem Maó lagði til að yrði tekin gild og Teng tekinn aftur inn í leiðandi störf

Endurskoðunarsinnaðar villur

Í þessum störfum gerði hann enn endurskoðunarsinnaðar villur. Ein þeirra kemur fram í kenningum hans um að engu máli skipti hvort köttur væri svartur eða hvítur, bara að hann veiddi mýs. Þetta var skilið þannig að engu máli skipti þótt starfsmaður væri með eða á móti byltingunni bara að hann sinnti sínu starfi vel. Augljóslega er þetta endurskoðunarsinnuð afstaða. Ástandið eftir þetta varð slíkt að miðstjórnin varð í apríl 1976 að reka Teng úr ábyrgðarstörfum innan flokksins sem utan. En samtímis var ákveðið að hann fengi að halda flokksskírteini sínu til að sjá hvort hann gæti skólað sig. Ég veit ekki nákvæmlega hvaða villur Teng gerði en ef lesin eru blöð frá því í fyrra sumar sem fordæma hann þá er hvergi hægt að sjá að hann hafi myndað klíku eða gert tilraun til valdaráns. Hann er gagnrýndur fyrir margar endurskoðunar villur. Margt af því gerði hann sig sekan um en sumt er búið til af klíku fjórmenningana í annarlegum pólitískum tilgangi

Ég man sérstaklega eftir grein í fræðilegu tímariti flokksins sem Yao Wen-yuan ritstýrði. Þar var ráðist á Teng fyrir að setja fram "hinar fjóru miklu móderníseringar". En heiðurinn fyrir það tilheyrir reyndar ekki Teng heldur Maó Tse-tung sjálfum. Því þetta var áætlunin sem hann bjó til um breytingu Kína í nútímalegt sósíalískt iðnaðarland fyrir árið 2000. Fjórmenningarnir notuðu með öðrum orðum baráttuna gegn Teng sem andróður gegn sósíalísku uppbyggingunni Sökum þessa þarf góðan tíma í viðbót til að segja nákvæmlega um stöðu Teng Hsiao-Ping.

"Afgerandi spurning."

Þeir sem vilja gera spurninguna um "endurreisn" Tengs að höfuðatriði ættu fyrst að beina leitarljósinu að Maó sjálfum, sem endurreisti Teng eftir að hann hafði gert sjálfsgagnrýni. Hvers vegna er það endurskoðunarsinnað að samþykkja sjálfsgagnrýni frá Teng 1977, ef það er allt í lagi árið 1973? Gerði Teng stærri villur 1975 heldur en 1967? Það hefur enginn getað sýnt fram á. Er hann óviljugri til að gera sjálfsgagnrýni árið 1977 heldur en árið 1973? Það vitum við ekki enn.
Sannleikurinn er sá, að þeir sem reyna að gera endurreisn Tengs að úrslitaatriði um hvort Kína gengur hinn sósíalíska veg eða ekki, eru að reyna að leiða umræðuna um afturhaldspólitík fjórmenninganna á villigötur. Þeir eru alveg eins og þær persónur sem benda út í loftið og segja: "sjáið bara" og tæma vasa þína í næstu andrá.

(Klassekampen nr.24 1977)

40 ár frá uppreisn Trotskyista í Barcelona

Árið 1937 geysaði borgarastyrjöldin á Spáni af miklum krafti. Lýðveldið hafði enn yfirhöndina gagnvart málahersveitum falangista Francos, sem naut stuðnings frá Mussolini og Hitler. Þrátt fyrir betri vopnabúnað og yfirhönd í lofthernaði, voru herir Francos á undanhaldi í ársbyrjun 1937. Í maí gerðu fasistarnir heiftarlega árás á borgina Bilbao í Baskahéruðunum og beindu öllum þunga sóknar sinnar gegn norðurhéruðum Spánar. Lýðveldisstjórnin í Barcelona ákvað að senda liðsauka til Baskahéraðanna, en þessir liðsflutningar töfðust vegna uppreisnar sem gerð var í þann mund er liðsaukann átti að flytja norður til Baskalanda. Að þessari uppreisn stóðu trotskistar.

Lýðveldisherinn var bandalag margra flokka.

Lýðveldisstjórnin studdi sig við marga flokka. Auk Kommúnistaflokksins og Sósíalistaflokksins, voru trotskistar og anarkistar í bandalagi lýðveldisins. Það voru einkum POUM sveitirnar, sem stóðu undir forystu trotskista, sem skipulögðu uppreisnartilraunina í Barcelona. En anarkistarnir veittu þeim stuðning sinn, undir kjörorðinu: niður með alla einkennisklædda. Af þeim flokkum sem studdu lýðveldisherinn, var Sósíalistaflokkurinn upphaflega stærstur. En vegna hugprýði sinnar og skipulagshæfileika óx kommúnistum skjótlega fylgi og voru brátt orðnir nær eins liðmargir og sósíalistar. Þeir sem studdu lýðveldisstjórnina, voru fyrst og fremst Ráðstjórnarríkin og Komintern-flokkarnir. En auk þeirra sendu lýðræðissinnar í mörgum löndum aðstoð og vopn og fjölmennar hersveitir lýðræðissinna og kommúnista komu til Spánar til að berjast með Lýðveldinu. England, Frakkland og önnur Evrópuríki, þóttust gæta hlutleysisins, með því að umkringja Spán og hindra aðfluting vopna og birgða. En bæði ítalir og þjóðverjar, sem tóku þátt í "gæslustarfinu" fluttu inn mikið magn af vopnum og vistum fyrir Franco-fasistana, auk þess sem þýskir hermenn og ítalskir börðust með Franco.

Á Hótel Colon í Barcelona 1937 má sjá myndir af Lenín og Stalín

Trotskistar sýndu gagnbyltingareðli sitt í uppreisninni.

Uppreisnin í Barcelona kom á tíma, sem var ákaflega erfiður fyrir Lýðveldisstjórnina. Bæði var sókn fasistanna að Bilbao mjög þung og mikil nauðsyn að senda hið skjótasta liðsauka þangað. Og eins var þarna komið að úrslitaaugnabliki borgarastyrjaldarinnar, hefðu lýðveldissinnar unnið þann sigur við Bilbao, sem þeir ætluðu sér, hefði gangur stríðsins orðið annar. Trotskistar völdu því það augnablik, sem erfiðast var, til að hefja gagnbyltingarsinnaða uppreisn sína. þannig störfuðu þeir sem fimmta herdeild fasistanna í röðum lýðveldissinna. Þegar mest lá á að sameina alla andfasista og lýðræðissinna til að gera öfluga gagnárás, sundruðu þeir fylkingum lýðveldissinna og komu af stað blóðugri uppreisn sem kostaði meira en 900 verkamenn lífið og yfir 2500 manns særðust hættulega. Lýðveldisstjórnin kom þó á kyrrð eftir nokkurn tíma og trotskistar glötuðu því litla fylgi sem þeir höfðu haft fullkomlega. En uppreisn þeirra hafði alvarlegar afleiðingar og sérstaklega varð sú sundrung sem hún skapaði alvarleg þegar fram í sótti. Í dag 4o árum síðar hefur gagnbyltingarsinnað eðli trotskyismans ekkert breyst. Það er verkefni kommúnista í dag, að sjá til þess, að trotskistar komist aldrei í þá aðstöðu, að geta gert byltingarbaráttu íslensks verkalýðs alvarlegar skráveifur.

Stofnum Palestínunefndar

Palestínunefndin á Íslandi var stofnuð í fyrra mánuði eins og skýrt var frá í STÉTTABARÁTTUNNI um daginn. Stofnun Palestínunefndarinnar er mikilsvert spor í skipulagningu andheimsvaldabaráttunnar á Íslandi. Við birtum hér að neðan grundvöll Palestínunefndarinnar um leið og við hvetjum fólk til að fylkja sér um stefnu og markmið Palestínunefndarinnar á Íslandi.

1. Palestína er föðurland Palestínuaraba og palestínsk alþýða hefur óskoraðan rétt til að frelsa og stjórna landi sínu.
2. Markmið PLO er að kollvarpa ríki síonismans og reisa í stað þess frjálst lýðræðisríki þar sem allir íbúar þess njóta sömu réttinda, án tillits til kynþáttar eða trúarbragða.
3. Palestínuvandamálið er ekki flóttamannavandamál eins og heimsvaldasinnar vilja láta vera, heldur barátta heillar þjóðar fyrir tilveru sinni og réttindum sínum sem þjóð.
4. Berjast verður gegn öllum tilraunum til að fórna réttmætum landamærum, viðurkenningu á palestínsku þjóðinni, eða makka við síonismann, og þannig gefa upp þjóðleg réttindi palestínsku þjóðarinnar og rétt hennar til sjálfsákvörðunar.
5. PLO er eini lögmæti fulltrúi Palestínuaraba hvar sem þá er að finna, og nefndin mun berjast gegn öllum tilraunum til að rangfæra þessa staðreynd.
6. Berjast verður fyrir því, að íslenska ríkisstjórnin slíti tengslum við Ísrael og viðurkenni PLO.

STÉTTABARÁTTAN hefur það eftri áreiðanlegum heimildum að Daoud Kaluti, fulltrúi PLO á Norðurlöndum sé væntanlegur til landsins nú í lok þessa mánaðar. Við munum skýra betur frá heimsókn þessa góða gests í næsta tölublaði.



Bandariska heimsvaldastefnan á undanhaldi

Í dag eru Bandaríkin heimsvaldaland á undanhaldi fyrir sósíalheimsvaldastefnu Sovétríkjanna. Til að gera sér grein fyrir því hvernig þetta hefur átt sér stað er nauðsynlegt að líta til baka. Árið 1916, þegar Lenín skrifar bók sína "Heimsvaldastefnan hæsta stig auðvaldsins", skilgreinir hann Bandaríkin sem mjög þróað auðvaldsland, og þar fari fram sífellt meiri og meiri samþjöppun auðmagnsins. Enda kom það í ljós í fyrri heimsstyrjöldinni að í krafti auðæva sinna tókst þeim að tryggja sér ítök í mörgum löndum.

Einnig það sama skeði í seinni heimsstyrjöldinni. Og er henni lauk með sigri bandamanna og Evrópa var flakandi í sárum kom tækifærið sem bandarískir auðherrar höfðu beðið eftir. Með "Marshallhjálpinni" öðluðust þeir ítök í efnahagslífi V-Evrópu. Öllum þeim stríðsgróða sem þeir höfðu rakað að sér í stríðinu, og öll þau lán sem bandamenn þeirra höfðu orðið að taka urðu nú til að styrkja kúgunarstefnu Bandaríkjanna.

Rétt eftir stríðið í upphafi McCarthy tímabilsins svokallaða hófst sókn bandarískra auðherra og fasista gegn öllum frelsisöflum jafnt í Bandaríkjunum sem annars staðar í heiminum. Allir þeir sem voru taldir hættulegir hinu "vestræna lýðræði" voru hundeltir og hvergi óhultir fyrir bandarísku leyniþjónustunni.

Truman þáverandi forseti bandaríkjanna var einn helsti talsmaður "and-kommúnismans", og hélt því fram að heimurinn skiptist í tvo hópa, kommúnista og and-kommúnista þeir sem snerust gegn kenningum hans voru kallaðir kommúnistar. þó að meðal þeirra manna væru margir borgaralegir menntamenn, listamenn og stjórnmálamenn.

Truman hafði engar áhyggjur af þeim fallgryfjum sem Bandaríkin voru að hrapa í t.d. Kóreu, Vétnam Formósa, Kína, og fl. og fl. Reyndar áleit hann að þetta væri nauðsynlegt til verndar hinu "vestræna lýðræði" Og þegar SÞ gagnrýndu gerðir Bandaríkjanna, hunsaði hann SÞ.

Og árið 1948 hófst í Bandaríkjunum alda ofstækis gegn frelsisöflum 3ja heimsins og Sovétríkjunum sem hvergi á sinn líka.

KÍNA

Þegar alþýðulýðveldið Kína var stofnað 1949, magnaðist kommagrýlann um allan helming og fasistar og önnur ógnaröfl í Bandaríkjunum fengu að leika lausum hala til að sverta niður á allan mögulegan hátt sósíalísku ríkin. Talað var um að gera innrás í Kína studda með vopnasendingum til fasistans Chiang Kaj-shek, sem alþýðan í Kína hafði rekið af höndum sér.

Eftir 22. ára baráttu kínversku alþýðunnar undir leiðsögn kommúnistaflokksins og Maós formanns, vannst að lokum fullnaðarsigur á Chiang Kaj-shek og gekk mikill hluti hermanna hans fúslega yfir til kommúnistanna. Var það árangurinn af áralangri spillingarstjórn Chiangs, þar sem morð og pyntingar voru daglegt brauð alþýðunnar. Þrátt fyrir þessar staðreyndir ríghéldu bandarískir stjórnmálamenn í þá von sína að að hægt væri að vinna aftur Kína eins og það var orðað.

Það er athyglisvert að lesa það sem Dean Achesons (utanríkisráðherra USA) sagði í ræðu 16. feb. 1950, og kastar það ljósi á þann eftirmála sem


frh. bls 5



Ofbeldisverk Bandaríkjanna á liðnum árum eru mörg. Hverjir muna ekki jólagjafirnar til víetnömsku þjóðarinnar. Efri myndin er af fórnarlambi hinnar bandarísku uppfinningar napalmsprengjunnar en sú neðri af einni vélinni sem flutti þær.

frh. af forsíðu


Kjararáðstefna Sjómannasambandsins




Kjaramálaráðstefna Sjómannasambands Íslands haldin 3. apríl 1977, skorar á ríkisstjórn Íslands, að hún leggi bráðabirgðalögin frá 6. september 1976 fyrir Alþingi nú þegar, svo að sjómenn fái séð hvort vilji meirihluta Alþingis hafi verið fyrir hendi við setningu þessara laga.

Ráðstefnan harmar að enginn fulltrúi frá Alþýðusambandi Vestfjarða skuli hafa komið til ráðstefnunnar. Beinir ráðstefnan þeim tilmælum til Alþýðusambands Vestfjarða að hafa fulla samstöðu með Sjómannasambandi Íslands í væntanlegri samningagerð um kaup og kjör sjómanna.

Sjómannasamband Íslands fagnar þeim einhug sem ríkti á ráðstefnunni og skorar á alla sjómenn, að standa nú fast saman í þeim átökum sem fram undan eru.





Enginn sjómaður má skorast undan þátttöku í komandi stéttaátökum

Samstaða er nauðsyn.

Reynslan af verkföllum síðustu ára og andófinu gegn 6. sept. lögunum sýna ljóslega nauðsynina á samstöðu allra sjómanna. Ef til verkfalls kemur á fiskiskipaflotanum verður að stöðva allan flotann, undantekningarlaust. Einstaka félög mega ekki skera sig úr og því síður er hægt að líða að skip sem skráð eru á einhverja hafnleysur þar sem ekkert verkalýðsfélag er, rói áfram þrátt fyrir verkfallið.

En nú hafa sjómannafélögin á Vestfjörðum skorist úr leik með því að senda ekki fulltrúa á kjararáðstefnuna. Það viðhorf að mest fáist fram ef fáir krefjast, virðist enn einu sinni ráða ferðinni. Þrátt fyrir að vestfirsku fulltrúarnir hafi stutt Óskar Vigfússon á þinginu í haust og hvatt til dáða sitja þeir nú heima. "Aðgerðaleysi" þeirra er vantraust á núverandi stjórn Sambandsins og um leið yfirlýsing um að betri valkostur sé fyrir hendi í dag. Þess verður því að krefjast af Alþýðusambandi Vestfjarða að það rökstyðji þessa ákvörðun sína.

Samtök sjómanna styrkjast

Sjómenn líta þannig á að mikilvægur sigur hafi ráðist í kjarabaráttunni nú í haust þegar Reykjavíkurliðið var að mestu hreinsað út úr stjórn Sambands ins en í staðinn valdir menn sem vilja treysta samstöðuna og knýja fram stórbætt kjör sjómanna. Nýja stjórnin hefur farið víða um landið og haldið fundi með sjómönnum. Þar hafa verið mótuð drög að kröfum og baráttuaðferðum í komandi kjaraátökum. Einnig hafa sums staðar verið stofnuð ný sjómannafélög þar sem engin voru áður. Þannig eru Sjómannasamtökin nú mun sterkari en þau voru t.d. á sama tíma í fyrra.

En þó svo að fulltrúar sjómanna séu vígreifir og samtök þeirra styrkist óðum vinnast engir sigrar án átaka. Útgerðarauðvaldið mun þráast við í lengstu lög að ganga að sanngirniskröfum þeirra, og mun beita öllum aðferðum til að brjóta samstöðu sjómanna á bak aftur. - Sjómenn, það er því mikið í húfi. Sameinumst því allir -einnig Vestfirðingar.

Rvk, 7. 3. '77.

frh. af bls. 4

Bandaríska heimsvaldastefnan á undanhaldi

varð næstu árin utanríkispólitík Bandaríkjanna".. Sumir segja að hægt væri að sigrast á öllum alþjóðlegum vandamálum ef Harry Truman fengist til að setjast að samningarborði með Jóa Stalín... En við verðum að gera okkur ljóst að það er ekki til nein einföld lausn á heimsvandanum. Af sárri reynslu höfum við lært að gagnvart Sovétríkjunum dugar ekkert annað en styrkleikapólitík.

(Acheson: Strenghthening the Forces of Freedom, bls. 15-16.)

Varautanríkisráðherrann yfir austrænum málefnum Dean Rusk (sem aldrei hafði til A-Asíu ikomið) lýsti því yfir í ræðu að Peking stjórnin gæti verið einskonar leppstjórn (rússnesk) í stærri útgáfu. Hún er ekki ríkisstjórn Kína. Hún stenst ekki við fyrstu raun. Hún er ekki kínversk. Hún hefur engan rétt til að tala fyrir munn Kína... Þjóðernissinnastjórn Kínverska lýðveldisins (Formósu)... er sannari fulltrúi mikils meirihluta Kínverja."

Þetta var það sem bandarískir ráðamenn höfðu til málanna að leggja er kínversk alþýða sigraði fasistann Chang Kaj-shek. Öll þessi barátta afturhaldsaflanna í Bandaríkjunum varð tilefni til mjög hættulegrar rökfræði "frelsunar rökfræðinni", sem átti eftir að kosta miljónir saklausra manna lífið næstu áratugina.


Í næsta blaði munu lesendur fá meira að frétta um "frelsunarrökfræðina" sem Bandaríkin hafa beitt alla tíð síðan.


frh. af síðu2.

Berjumst gegn allri heimsvaldastefnu

-þjóðarinnar. Hins vegar telja þeir "Fjallgrimma vissu fyrir því að eitt af aðalhlutverkum hersins hér á landi sé að halda hlífiskyldi yfir borgarastéttinni ef til þess komi að íslenskur verkalýður sýni vígtennurnar (Tilvitnun í grein Stefáns Hjálmarssonar í síðasta Dagfara). Það er því önnur ástæða af tveimur sem Fylkingin telur sig hafa til að berjast fyrir brottvísun hersins og úrsögn Íslands úr NATO, að þegar verkalýðurinn hefur skipulagt sig um gjörvallan heim til byltingar verði "heimsvaldaherinn" (þ.e. her USA-heimsvaldastefnunnar) notaður gegn verkamönnum og þá sé betra að vera laus við hann af landinu. Hin ástæðan er að þeir telja að með baráttu sinni gegn NATO séu herstöðvaandstæðingar að slá skjaldborg um "verkalýðsríkin" (þ.á.m. Sovétríkin). Þannig skipar Fylkingin sér fremst í flokk þeirra sem enn berjast gegn því að herstöðvaandstæðingar taki upp raunhæfa baráttu gegn allri heimsvaldastefnu, og hernaðarbrölti risaveldanna.

Að mati Fylkingarfélaga eru fjölþjóðahringar eðlilegur þáttur í framþróun framleiðsluaflanna sem stuðli auk þess að alþjóðlegri skipulagningu verkalýðsins, og því sé engin ástæða til að berjast gegn þeim.





Stærri myndin sýnir hermenn Alþýðulýðveldisins Víetnam yfirbuga hermann hinna heimsvaldasinnuðu Bandaríkja.

Minni myndin sýnir sovéskt herskip viðhalda útþenslustefnu Ráðstjórnarríkjanna á Atlandshafi

Ein höfuðorsök þess mats er að sjálfsögðu sú vantrú sem trotskistar hafa á því að sósíalísk bylting geti orðið í einu landi. Að þeirra mati verður bylting alls staðar í heiminum á sama tíma þegar öll ríki hafa náð jafnlangt í þróun framleiðslunnar og verkalýðurinn hefur skipulagt sig alþjóðlega. Stóraukin umsvif fjölþjóðahringa telja þeir eingöngu stuðla að jafnari þróun kapítalíska hagkerfisins og færi þau því verkalýðinn nær því takmarki sínu að kollvarpa auðvaldsþjóðfélaginu undir forystu 4ða Alþjóðasambandsins. Þannig skiptir það minnstu máli þótt í dag samanstandi meginhluti fjárfestinga í einhverju landi af einingum sem aðeins sjá um fáa þætti ákveðinnar framleiðslu t.d. eins og álverið. Því um leið og íslenskur verkalýður yfirtekur álverið munu stéttabræður okkar í Ástralíu yfirtaka boxítnámurnar þar.

Marx-lenínistar viðurkenna hins vegar ójafna þróun auðvaldsríkjanna og leggja jafnframt áherslu á að dagar byltingarinnar í sérhverju landi miðast fyrst og fremst af pólitískum styrk og skipulagningu verkalýðsins. Sagan hefur sannað ótvírætt að sósíalsík bylting getur gerst í einu landi þó svo að hún sé nánast útilokuð í nágrannaríkjunum. Kenningar trotskismans um eitthvað alheimsþróunarstig auðvaldsins er ekkert annað en uppgjafarstefna til þess eins ætluð að sundra samtakamætti alþýðunnar. Þessar skoðanir hafa of lengi fengið að vera lítt áreittar innan samtaka herstöðvaandstæðinga. Gegn þeim verður að skera upp herör því að öðrum kosti tekst þeim að grafa svo undan grundvelli samtaka okkar að þau fái engu áorkað.



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
13. tbl. 6. árg. 12/4 1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R

Landbúnaðarmál

Sjöunda grein

Jarðabrask

Eitt af því sem þjarmar nú að íslenskum landbúnaði er sú árátta ríkra einstaklinga að kaupa bújarðir, ýmist til að reisa sér sumarbústaði og/eða ná undir sig laxveiði og ýmsum öðrum hlunnindum. Sumar þessara jarða eru ágætar bújarði sem fara í eyði við þessa meðferð, aðrar eru lítt byggilegar án hlunnindanna.

Árið 1975 voru í byggð um 5000 jarðir á landinu en í eyði rúmlega 1600. Af 5000 byggðum jörðum voru í eign ábúenda rúmlega 4200 jarðir eða 84-85 %. Í eigu ríkisins voru 570 eða nálægt 12 %. Flestar þeirra jarða eru leigðar bændum með svokallaðri erfðafestuábúð. Gengur ábúð jarðarinnar þá réttum erfðum sem eign væri. Réttarstaða bænda með erfðafestuábúð er hins vegar ekki með öllu ljós. Seinna í greininni er skýrt frá dæmi um það. Nokkrar ríkisjarðanna eru prestssetursjarðir. Í eigu einstaklinga annarra en ábúenda sjálfra, voru 1975 tæplega 200 jarðir byggðar eða 3-4 %.

Eyðibýli voru sem áður segir rúmlega 1600. Flest þeirra eða tæplega 1300 voru í einkaeign, nokkur í eigu ríkisins og nokkur í eign sveitarfélaga eða félagasamtaka.

Leiga bænda fyrir ríkisjarðir er lág en ekki er oss kunnugt um hvernig því er háttað með þær jarðir sem einstaklingar leigja bændum. Ekki er hægt að fullyrða með nokkurri vissu hve margar eyðijarðir er hagkvæmt að byggja upp að nýju. Óhætt er hins vegar að fullyrða það að erfitt er að fá margar eyðijarðanna í einkaeign til ábúðar nema þá til skamms tíma þannig að leigjandinn hættir ekki á að fara út í framkvæmdir, hvorki til stækkunar bús né til viðhalds. Oft halda eigendurnir hlunnindum eftir. Margar eyðijarðanna eru ennfremur afskekktar þangað vantar ef til vill veg, síma og rafmagn sem ekki er hægt að vera án nú orðið. Þrátt fyrir að þær séu afskekktar geta þær verið ágætis bújarðir. Margar slíkar eru norðaustanlands og austanlands þar sem afréttir eru ekki fullnýttir. Þar væri eðlilegra að fjölga sauðfé en sunnanlands og vestan í lágsveitum. Slík endurskipulagning búgreina eftir landshlutum og/eða staðháttum er þó vandasöm og hana má ekki framkvæma án mjög náins sambands við bændur sjálfa. Nauðsynlegt er að gera ungu fólki kleyft að hefja búskap, nógar jarðir eru til á landinu. En fjármagnið á víst heldur að fara í stóriðjuframkvæmdir að mati stjórnvalda.

Hér skal að lokum getið dæmis um óljósa réttarstöðu bænda með erfðafestuábúð. Þegar kísiliðjan við Mývatn hóf að kæla kísilgúrleðju úr botni Mývatns var ekki leitað leyfis til þess hjá bændum, hvað þá heldur boðin borgun fyrir.

Þeir höfðuðu mál til þess að reyna að fá eitthvað fyrir sinn snúð en málinu var vísað frá dómi á þeirri forsendu að ábúandi einu jarðarinnar í ríkiseign með erfðafestuábúð hefði ekki heimild til að höfða mál. Ekki er því hægt að mæla með erfðafestuforminu á meðan við völd er óvinveitt ríkisvald auðstéttar sem nýðist á alþýðu hvenær sem því sýnist. Hér skaut það sér undan réttlátum kröfum bændanna í Mývatnssveit án þess að taka efnislega afstöðu í málinu. Annars er nauðsynlegt að gera réttarstöðu bænda með erfðafestuábúð skýra.

Í næstu grein verður fjallað um mismunandi stéttir, hópa og lög meðal bænda á Íslandi.

Er miðnefnd andvíg Keflavíkurgöngu?

Miðnefnd Samtaka Herstöðvaandstæðinga hélt fund fyrir skömmu. Þar sem fulltrúar Alþýðubandalagsins lýstu sig andvíga nýrri Keflavíkurgöngu. Töldu þeir að nægilegt væri að ganga frá Hafnarfirði eða Straumsvík í ár og álitu að ný Keflavíkurganga myndi misheppnast. Hvílík forysta! Allt frá stofnþingi Samtaka Herstöðvaandstæðinga hefur Miðnefnd setið á höndunum á sér, haldið einn stóran fund í Háskólabíó nú nýverið og Ráðstefnu um erlenda stóriðju. Og nú ætlar hún að hindra framkvæmd nýrrar baráttugöngu.

Til hvers er Miðnefndin kjörin?

Þegar Stofnþing samtakanna kaus sér miðnefnd, var það ekki til að hún yrði "námsstjóri" yfir víðtækum náms-og rannsóknarsamtökum. Heldur til þess að annast samtengingu og stjórnun baráttunnar gegn veru bandaríska hersins hér og aðildar Íslands að NATO árásarbandalaginu. En fremur lítið hefur farið fyrir baráttunni. Venjulega hafa hverfahóparnir staðið fyrir fundum í sínum hverfum og rannsóknarstarf þeirra hefur verið eftir eigin höfði og þar af leiðandi ekki þjónað sameiginlegum markmiðum hreyfingarinnar allrar. Orsökin er sú, að miðnefndin hefur ekki tengt baráttuna réttilega saman og ekki staðið sig í hlutverki sínu. Miðnefnd ætti að skipuleggja fjöldann til aðgerða og starfa ötullega að því að safna fleirum undir merki andheimsvaldasinna. Hún ætti að vera forysta fyrir samtökunum í samhæfðum og víðtækum baráttuaðgerðum, til þess að magna upp andstöðu og baráttu þúsunda íslendinga gegn heimsvaldastefnunni og veru hersins á Miðnesheiði. En hún gerir ekkert af þessu. Hið eina sem hún hefur gert, er að telja kjark úr þeim sem vilja herða baráttuna og efla andstöðuna gegn hernum og NATO.

Hverjum þjóna svona vinnubrögð?

Vinnubrögð miðnefndarinnar einkennast af ráðaleysi og þröngsýnni fundarstarfsemi. Og fundarefnið þjónar venjulega kosningarhagsmunum AB-forystunnar. Í stað þess að efla baráttuna, er haldin ráðstefna um erlenda stóriðju, þar sem forystumenn AB tala alla fundarmenn af sér með langmælgi og leiðinlegum ræðum. Háskólabíó-fundurinn varð ekki baráttufundur, heldur samkoma, þar sem AB-forystan opinberaði slappleika sinn og þá staðreynd að hún skokkar í kjölfar fjöldans í stað þess að leiða baráttu hans. Það er krafa herstöðvaandstæðinga, að Miðnefnd leggi fram starfsáætlun fyrir sumarið og sýni berlega fram á hvernig hún hyggst skipuleggja baráttuna gegn NATO og hernum. Við sem höfum verið með allan tímann frá því á stofnþinginu, eigum heimtingu á að tekið sé fullt tillit til starfsvilja okkar og frumkvæðis. Við viljum Keflavíkurgöngu í vor og öfluga baráttu fjöldans gegn bandarísku og sovésku heimsvaldastefnunni í sumar.

Nokkrir herstöðvaandstæðingar



Tökumst á við Dagsbrúnarstjórnina

Aðalfundur Verkamannafélagsins Dagsbrúnar var haldinn 3. apríl og fór fram samkvæmt venju. Hann var líklega fámennasti og daufasti fundur ársins. Þegar reikningar félagsins höfðu verið lesnir, höfðu stjórnarmeðlimir talað í rúmlega 2 klst. Síðan talaði Benedikt Kristjánsson og bað Eðvarð Sigurðsson um að undirrita Lög og fundarsköp Dagsbrúnar sem hann neitaði að gera. Benedikt tók upp að þegar Eðvarð var í Kommúnistaflokki Íslands á árunum 1936 og 1937 barðist hann manna harðast fyrir auknu lýðræði í Dagsbrún og fyrir því að verkamenn lifðu af 40 stunda vinnuviku. Nú hefur Eðvarð snúið blaðinu við og hefur harðlega barist gegn því að krafan "Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku" yrði krafa Dagsbrúnar í næstu samningum.

Eðvarð sér ekki eða vill ekki sjá hversu mikilvægt er fyrir verkalýðsstéttina að setja fram pólitíska kröfu í kjaramálum. Hann telur að krafan sé langtímamarkmið sem náist smátt og smátt með endurbótum. En það er verkalýðsstéttin sem er kúguð og á endurbótatímabilinu er það hún sem vinnu óheyrilega langan vinnudag og er arðrænd af borgarastéttinni. Það er lífsafkoma verkalýðsstéttarinnar sem hinir sósíaldemókratísku verkalýðsforkólfar spila með en sjálfir eiga þeir allt annarra hagsmuna að gæta. Afstaða þeirra til þjóðfélagsins þ.e. að þeir eru uppkeyptir, gerir það að verkum að þeir vilja ekki breyta því. Því er auðskiljanlegt að þeir standi gegn jákvæðum kröfum sem fram koma af hálfu verkamanna. Dagsbrúnarstjórnin rekur uppgjafarpólitík og nöldrar um að öll barátta sé ómöguleg og vonlaus. En kommúnistar velja leið baráttunnar og ætla sér að fylkja verkalýðnum fyrir því að gera verkalýðsfélögin að baráttutækjum í höndum verkalýðsstéttarinnar gegn höfuðóvininum þ.e. borgarastéttinni.

Berjumst gegn allri heimsvaldastefnu

Innan raða herstöðvaandstæðinga hefur verið deilt nokkuð um hvort samtökunum beri að taka afstöðu til erlendrar stóriðju hér á landi og hvort baráttan gegn NATO og hernum tengist á einhvern hátt baráttunni gegn ásælni erlendra auðhringa hér. Einnig hefur verið mikið deilt um afstöðuna til Sovétríkjanna en herstöðvaandstæðingar hafa eins og kunnugt er ekki enn tekið upp baráttu gegn allri heimsvaldastefnu.

Einn skoðanahópur innan samtakanna þ.e. Fylkingin lítur svo á að ekki sé rétt að berjast sérstaklega gegn auðhringum, en einskorða eigi baráttuna við herinn og NATO. Í umræðum hafa félagar Fylkingarinnar tekið fyrir jákvæða þætti sem þeir sjá bæði við návist hersins og eins verksmiðjur erlendra hringa á Íslandi. Eru það einkum efnahagslegir þættir sem þeir tiltaka. Þ.e. umsvif þeirra hér á landi hafi bægt atvinnuleysi og landflótta frá þúsundum verkamanna t.d 1968-69 og valdi auk þess betri launakjörum almennt í landinu.

Þannig eru Fylkingarfélagar ekki sammála öðrum herstöðvaandstæðingum um skaðleg efnahagsleg og félagsleg áhrif herliðsins hér og því síður þeim rökum að vera hersins sé ógnun við sjálfsákvörðunarrétt

frh. síðu 5

GERIST ÁSKRIFENDUR

Stéttabaráttan vikublað